

**Viðauki**  
**við kjarasamning aðildarfélaga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins**  
**frá 21. desember 2013**

**1. gr.**

**Aðild**

Viðauki þessi er gerður á milli Samtaka atvinnulífsins og þeirra 25 aðildarfélaga og deilda innan Alþýðusambands Íslands sem samþykktu kjarasamningana frá 21. desember 2013.

**2. gr.**

**Gildistími**

Kjarasamningar aðila gilda til 28. febrúar 2015 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**3. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót miðað við fullt starf verði á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf verði kr. 39.500.

**4. gr.**

**Viðræðuáætlun**

Gengið verður frá nýrri viðræðuáætlun sem tekur mið af þeim tögum sem orðið hafa á endurnýjun kjarasamninga og breytingu á gildistíma þeirra.

Reykjavík, 12. mars 2014

F.h. xxx

F.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. xxx

f.h. xxx